

Ed.

705. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Um mál þetta skal tekið fram:

Af álitsskjali háskólaráðsins, 5. júní þ. á., sjest ekki, að það telji nauðsynlegt að setja nú á stofn sjerstakan kennarastól við háskólann í hagnýtri sálarfræði.

Nefndin fær ekki heldur sjeð, að enn hafi verið sýnt, að verulegt gagn megi verða að slíkri kenslu, enda er hvorttveggja, að til þess virðist þurfa eigi alllittinn undirbúning, og að doktorinn hefir tafist allmjög frá störfum sínum þau 2 ár, er hann hefir sjerstaklega lagt stund á þessa visindagrein.

Fjármálanefndir neðri deildar hafa nú lagt til, að flestum skólum landsins verði, að meira eða minna leyti, lokað sakir dýrtiðar þeirrar, er af heimstýrjöldinni stafar, og virðist þá ekki sem best við eiga að bæta nýjum kennarastól við háskólann, nema óhjákvæmileg nauðsyn sje fyrir höndum, en hana fær nefndin ekki sjeð.

Þó nefndin sje nú á því, að margs góðs megi af dr. Guðmundi Finnbogasyni vænta, og telji sjálfsagt, að hann haldi fúlgum þeirri, er honum er ætluð í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, getur hún, samkvæmt framangreindu, ekki ráðið háttv. deild til að samþykkja frumvarpið í þetta sinn, en leggur til, að málinu verði visað til stjórnarinnar með svo feldri rökstuddri dagskrá:

Í því trausti, að stjórnin leiti itarlegs álits og tillagna háskólaráðsins um málið og leggi það síðan fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. ágúst 1917.

Guðm. Ólafsson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.

Magnús Torfason,
ritari.